


## Inngrip Seðlabanka voru 66% af veltu á gjaldeyrismarkaði í október

27/11/2020.


Farsæll sigur á veirunni skiptir meira máli fyrir hagþróun á komandi ári en efnahagsaðgerðir. Meðan landið er að mestu lokað fyrir ferðamönnum eykst atvinnuleysi, en það lækkar hratt eftir að hætt verður að setja ferðamenn í sóttkví. Hér er gert ráð fyrir að landið

opnist í júní 2020. Það telst sennilega varfærin spá, en nú liggur fyrir að sóttvarnir á landamærum breytast ekki fram til 1. febrúar 2021. Fréttir um bóluefni hafa sennilega aukið trú á krónunni, en samt er reiknað með að hún lækki um nokkur prósent á næstunni og það heldur aftur af atvinnuleysinu. Fram kemur hér á eftir að krónukaup Seðlabankans héldu genginu uppi frá ágúst til október.

Hagstofa Íslands mælir atvinnuleysi á sama hátt og hagstofur annarra landa og þess vegna má bera mælingarnar saman. Atvinnuleysi á Íslandi er ekki langt frá því sem gerist í mörgum öðrum Evrópulöndum þessa dagana, eins og sjá má á myndinni hér við hliðina. Bent hefur verið á að Hagstofa Íslands kunni að vanmeta atvinnuleysið, því að hún nái ekki til útlendinga, en marga í þeim hópi vantar vinnu núna. Nokkuð kann að vera til í því, en ekki er ólíklegt að aðrar hagstofur stríði við svipaðan mælivanda. Í ágúst mældist árstíðaleiðrétt atvinnuleysi minna en hér í Þýskalandi og fleiri löndum Mið-Evrópu, en meira en hér í Svíþjóð, Eystrasaltslöndum, Spáni, Ítalíu og Grikklandi.



Atvinnuleysi í Evrópu í ágúst 2020, árstíðaleiðrétt



Heimild: Eurostat.

Líklega veða launahækkunir opinberra starfsmanna þyngst í 1½% hækkun launavísitölu Hagstofunnar frá ágúst til októbermánaðar. Laun opinberra starfsmanna hafa aðeins óbein áhrif á verðlag. Almennt hefur gengið illa að mæla bein skammtímaáhrif launa á verðlag undanfarna áratugi. Menn þykjast samt vita að þau séu nokkur: Laun ráða bæði miklu um kostnað fyrirtækja og kaup á vörum. En þegar til skamms tíma er lítið mælast áhrif gengis á verðlag miklu meiri. Krónan féll nokkuð hratt eftir að faraldurinn skall á í mars og Seðlabankinn lækkaði vexti. Í sumar hefur það fallið hægar, eins sjá má í töflunni hér á eftir, og eftir að fréttir bárust af bóluefni í nóvember styrktist það nokkuð. En athygli

<b>Gjaldeyrismarkaður</b>							
	<b>Velta á mánuði</b>				<b>Meðalgengi</b>		
	Velta í milljónum evra	Velta í milljónum kr.	þ.a. viðskipti Seðla-banka í milljónum kr.	Hrein kaup Seðla-banka, milljónir króna	króna/ evra	Gengis-vísitala	Hluttur Seðla-banka af veltu
okt. 2020	355,0	58.315	38.284	-38.284	163,66	210,7	66 %
sep. 2020	315,0	51.170	24.843	-24.843	162,69	209,5	49 %
ágú. 2020	200,0	32.509	15.608	-15.608	161,75	208,5	48 %
júl. 2020	141,0	22.386	4.310	-4.310	158,42	205,5	19 %
júl. 2020	141,0	22.386	4.310	-4.310	158,42	205,5	19 %
jún. 2020	277,0	42.332	11.935	813	152,77	198,9	28 %
maí. 2020	123,0	18.981	2.722	2.722	156,69	205,4	14 %
apr. 2020	125,5	19.722	7.169	-7.169	156,98	205,4	36 %
mar. 2020	391,5	58.111	10.177	-10.177	148,95	193,7	18 %
feb. 2020	76,0	10.502	0	0	138,24	183,8	0 %
jan. 2020	111,0	15.178	0	0	137,07	181,7	0 %
des. 2019	116,0	15.708	0	0	135,63	179,5	0 %
nóv. 2019	100,0	13.554	0	0	136,63	180,6	0 %
okt. 2019	69,0	9.503	0	0	137,71	181,5	0 %
sep. 2019	118,0	16.167	2.037	2.037	137,62	181,5	13 %
ágú. 2019	103,0	14.189	0	0	137,67	180,5	0 %

Heimild: Seðlabanki Íslands, eigin útreikningar.

vekur að kaup Seðlabankans á krónum námu 2/3 af veltunni í október.<sup>1</sup> Kaupin hafa verið kynnt sem óstíft inngríp, þar sem peningamagn sé ekki aukið á móti, en hæpið er að gera það, því að þau breyta engu um vexti sem Seðlabankinn býður viðskiptabönkunum. Sennilega hafa krónukaup Seðlabankans ekki heldur mikil áhrif á markaðsvexti. Því er ekki víst að þau breyti miklu um gengi krónunnar, nema nákvæmlega meðan á þeim stendur. Fréttir af bóluefni styðja við gengi krónunnar, en hér er samt gert ráð fyrir að hún lækki um 4-5% fram í maí. Gengislækkunin ýtir undir verðbólgu, en dregur líka úr atvinnuleysi. Neysluverðsvísitala breyttist lítið í nóvember, eins og búist var við. Hér er gert ráð fyrir að vísitalan hreyfist ekki mikið fyrr en eftir áramót. Árshækkun neysluverðs gæti samt farið yfir vikmörk peningastefnunnar (4%) um áramót og haldist þar næstu mánuði. Gera má ráð fyrir að krónan rétti sig aftur af eftir að slakað hefur verið á hömlum á ferðum milli landa og eftir það dregur úr verðhækkunum.

<sup>1</sup> Gögn af heimasíðu Seðlabankans, sótt af:

<https://www.sedlabanki.is/hagtolar/nanar/2020/11/06/Gjaldeyrismarkadur/?stdID=18>

